

# SAMKOMULAG

Reykjavíkurborg og fasteignaeigandi, gera með sér svofellt samkomulag í tengslum viðverkefni um hreinsun á skemmdarverkum af völdum veggjakrots, um að vinna sameiginlega að því að tryggja með sértækum og markvissum hætti góða umgengni og stefna ávallt að sem bestu viðhaldi á eigninni.

Til þess að ná sem best framangreindu markmiði eru aðilar sammála um eftirfarandi:

- Þeir fasteignaeigendur, sem gerast aðilar að þessu samkomulagi, fá aðstoð Reykjavíkurborgar við fyrstu hreinsun og að koma eignum í sem næst því ásigkomulagi sem eignirnar voru í áður en skemmdarverk voru unnin á þeim með málun í óþökk eigenda.
- Beint framlag Reykjavíkurborgar felst í því að greiða kostnað sem samsvarar vinnuframlagi verktaka um að hreinsa og mála að nýju það sem skemmt hefur verið einu sinni eftir að samkomulag þetta hefur verið undirritað.
- Fasteignaeigandi greiðir kostnað vegna málningar, hreinsiefna og tækja sbr. vinnulyftur ef þarf og tekur síðan við að vakta og fyrirbyggja að skemmdarverk verði unnin á hans eign. Verði eign fyrir skemmdum skuldbindur fasteignaeigandi sig til þess að hreinsa eign sína og eftirleiðis svo fljótt sem verða má á sinn kostnað og tilkynna verknaðinn til lögreglu
- Reykjavíkurborg ábyrgist ekki bætur ef af ófyrirsjáanlegum ástæðum hlýst af tjón eða skemmdir vegna aðkomu borgarinnar að hreinsun fasteignarinnar.

Fasteignaeigandi:

\_\_\_\_\_

Nafn.

\_\_\_\_\_

Kennitala.

\_\_\_\_\_

Heimilisfang.

Reykjavík, \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Verktaki

\_\_\_\_\_

Skrifstofa reksturs og umhirðu